

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar Friðriks Guðnasonar.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Minningarsjóður Jónasar Friðriks Guðnasonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang minningarsjóðsins er í sveitarfélaginu Norðurþingi.

3. gr.

Markmið.

Megintilgangur sjóðsins er að stuðla að og styrkja íþróttá-, menningar-, heilbrigðis- og góðgerðarstarfsemi á Raufarhöfn og nágrenni. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að veita styrki til einstaklinga, félaga, félagasamtaka og samfélaga af ýmsum toga sem vinna samkvæmt tilgangi sjóðsins að mati stjórnar. Stefna skal að því að úthlutun úr sjóðnum sé sem næst 12. desember. Leiðir til að ná markmiðum sínum skal félagið móta á aðalfundi. Bóka skal allar ákvarðanatökur.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur Minningarsjóðs Jónasar Friðriks Guðnasonar eru erfingjar hans:

Sigrún Guðnadóttir, kt. 230747-3779, Guðný M. Guðnadóttir, kt. 060549-2149, Árni St. Guðnason, kt. 281050-3119, Jón Guðnason, kt. 250552-3789, Guðrún H. Guðnadóttir, kt. 280661-3339, Helga M. Arnardóttir, kt. 031273-4719, Helga S. Bjarnadóttir, kt. 250864-4349, Böðvar Bjarnason, kt. 301065-5239, Bjarni Þ. Bjarnason kt. 130670-4589, Margrét U. Þórarinsdóttir, kt. 021277-5179, Egill Þórarinsson, kt. 100483-4169 og Óðinn Þórarinsson kt. 060788-2519.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 2.000.000 kr. sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnframlag hvers stofnanda er:

Sigrún Guðnadóttir, 250.000 kr., Guðný M. Guðnadóttir, 250.000 kr., Árni St. Guðnason, 250.000 kr., Jón Guðnason, 250.000 kr., Guðrún H. Guðnadóttir, 250.000 kr., Helga M. Arnardóttir, 250.000 kr., Helga S. Bjarnadóttir, 83.334 kr., Böðvar Bjarnason, 83.333 kr., Bjarni Þ. Bjarnason, 83.333 kr., Margrét U. Þórarinsdóttir, 83.333 kr., Egill Þórarinsson, 83.334 kr. og Óðinn Þórarinsson, 83.333 kr.

Tekjur sjóðsins verða stefgjöld sem koma frá STEF vegna textagerðar Jónasar Friðriks Guðnasonar, styrkir og önnur framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum. Allt fé sem sjóðnum hlotnast skal renna óskipt til góðgerðarmála eftir ákvörðunum stjórnar og til samræmis við tilgang sjóðsins.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir einstaklingar í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum stofnunarinnar í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Bókhald.

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir stofnunina.

10. gr.

Endurskoðendur.

Sjóðurinn skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundum sjóðsins til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

12. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 20. maí 2025.

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 10. júní 2025